



Samtök
fjármálafyrirtækja

Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2022

Efni: Umsögn um breyting á lögum um sértryggð skuldabréf og lögum um fjármálafyrirtæki, 433. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa tekið framangreint frumvarp til skoðunar, sem ætlað er að innleiða í íslensk lög tilskipun (ESB) 2019/2162 og reglugerð (ESB) 2019/2160. SFF fagna frumvarpinu þar sem mikilvægt er að innlendir fjármálamarkaður starfi eftir alþjóðlega viðurkenndri umgjörð sem er sem líkust því sem gerist í Evrópu. Það gerir íslensk fjármálafyrirtæki samkeppnisfærari, getur opnað fyrir aðgang þeirra að stærri mörkuðum í nágrannalöndunum og einnig greitt fyrir aðgengi erlendra þátttakenda á íslenskum markaði.

SFF leggja ríka áherslu á að frumvarpið verði að lögum þann 1. janúar 2023 eins og lagt er upp með í frumvarpinu. Innleiða þarf tilskipun 2019/2162 í íslenskan rétt þeim tíma til þess að íslenskir bankar geti gefið út sértryggð skuldabréf sem talist geta veðhæf í evrópska seðlabankanum. Skuldabréf gefin út eftir 8.júlí 2022 í ríki sem ekki hefur innleitt reglurnar teljast, eftir það tímamark, ekki sem „sértryggð skuldabréf“ skv. tilskipuninni og verða þar af leiðandi ekki veðhæf hjá evrópska seðlabankanum sem aftur hefur mikil áhrif á seljanleika.

Með vinsemd og virðingu,

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur